

22. apríl 1967.

23

Nr. 18.

53. Zaghoul, Mohamed Naguib Mohamed, verkamaður í Reykjavík, f. í Egyptalandi 18. febrúar 1929.
54. Östergaard-Nielsen, Polly Vibeke, aðstoðarstúlka á Álafossi, fædd í Danmörku 4. janúar 1925.

3. gr.

Peir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

14. apríl 1967.

L Ö G

Nr. 19.

um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

ÞANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt:

Að vér höfum fallizt á lög þessi og staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Úr gildi er numinn II. kafli laga nr. 68/1934, um einkasölu á útvarpstækjum, svo og 2. málslíður 1. málsgreinar og 2. málsgrein III. kafla sömu laga.

2. gr.

Eignir Viðtækjaverzlunar ríkisins skulu, að frádregnum 1.8 milljónum króna, sem ganga eiga til ríkissjóðs, vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar og 1.0 milljón króna, sem verja skal til þess að ljúka Þjóðleikhúsbýggingunni, renna í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, er jafnframt tekur á sig skuldbindingar Viðtækjaverzlunarinnar gagnvart lánardrottnum og starfsmönnum hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Gylfi P. Gislason.